

338. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 5. júlí 2023, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir, Jón Forni Snæbjörnsson og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

262. fundur haldinn 16.06.2023, afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 3 til 11.

-liður 3, Víkurholt 2 (L190967); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður - 2210025
Erindi sett að nýju fyrir fund, fyrir liggja nýjar teikningar með umsókn Bergs Þ. Arthúrssonar og Guðrúnar K. Gunnarsdóttur, móttækin 10.10.2022, um byggingarheimild fyrir 103,6 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Víkurholt 2 L190967 í Bláskógabyggð.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar, málið verði kynnt nágrönnum aðliggjandi lóða ásamt hitaveitu svæðisins og landeiganda upprunals. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

-liður 4, Hvammur (L235703); byggingarheimild; sumarbústaður - 2306050
Fyrir liggur umsókn Kristjáns Andréssonar fyrir hönd Kristjáns Guðnasonar, móttækin 12.06.2023, um byggingarheimild fyrir 42 m² sumarbústað á landinu Hvammur L235703 í Bláskógabyggð.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.
Komi til frekari uppbyggingar innan landsins verði unnið deiliskipulag sem tekur til framkvæmdaheimilda innan þess.

-liður 5, Fellskot L167087; Fellskot 4; Stofnun lóðar og staðfesting á afmörkun jarðar - 2302015

Lögð er fram að nýju umsókn um stofnun lands úr jörðinni Fellskot L167087. Um er að ræða 69,3 ha landeign sem gert er ráð fyrir að fái staðfangið Fellskot 4. Jafnframt er jörðin Fellskot innmæld og hnitsett sem ekki hefur legið fyrir áður og mælist hún 143 ha, miðað við afmörkun út í miðja á eftir landskiptin. Málið var áður afgreitt á fundi sveitarstjórnar þann 1. mars sl. Undirritanir hlutaðeigandi landeigenda aðliggjandi lands liggja nú fyrir nema eiganda Fells L167086 og er því málið tekið til afgreiðslu á ný.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar eða stofnun Fellskots 4 skv. fyrirliggjandi umsókn en ekki er tekin afstaða til hnitsettrar lóðamarka við Fell L167086. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir erindið á grundvelli framlagðra gagna þrátt fyrir að samþykki allra hlutaðeigandi landeigenda aðliggjandi jarða fyrir hnitsetningu liggi ekki fyrir og feli skipulagsfulltrúa að senda tilkynningu til eiganda L167086 um afgreiðslu sveitarstjórnar.

-liður 6, Úthlíð 1 L167180; Vörðás 5-9 (áður Vörðás 5, 7 og 9); Ferðaþjónusta og byggingarheimildir; Deiliskipulag - 2302016

SB
AS
AA
OH
Gsm

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til lóða Vörðáss 5, 7 og 9 í Úthlíð eftir auglýsingu. Lóðirnar eru verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir sameiningu lóðanna í Vörðás 5-9 og að heimiluð verði uppbygging á ýmiss konar þjónustu, einkum fyrir ferðamenn. Heildarstærð núverandi bygginga er 1163,6 m². Leyfilegt heildarbyggingarmagn á Vörðási 5-9 er allt að 1.850 m². Heimilt er að viðhalda núverandi byggingum eða byggja nýjar í þeirra stað. Auk þess er heimiluð áframhaldandi uppbygging ferðaþjónustu s.s. veitingaaðstaða, gisting sem hvort sem er getur verið í gistihúsi eða minni gestahúsum, einnig ýmiss konar affreyning sem fellur vel að þjónustu við gesti staðarins og eigendur frístundahúsa í nágrenninu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt viðbragða. Samhliða er gerð óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundasvæðisins að Úthlíð þar sem viðkomandi svæði er felld út úr gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum og þeim svarað í framlagðri samantekt með fullnægjandi hætti þar sem við á. Gögn verði uppfærð í takt við samantekt. Að mati sveitarstjórnar er ekki talin ástæða til að fara fram á heildarskráningu minja innan skipulagssvæðisins að svo komnu máli þar sem svæðið er að mikli leyti byggt og þegar raskað á grundvelli fyrri heimilda gildandi deiliskipulags. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem skipulagið tekur til verði samhliða felld út úr gildandi deiliskipulagi á grundvelli 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

-liður 7, Háholt 7-8 L194914; Parhús í stað einbýlishúss og stækkun lóðar;

Deiliskipulagsbreyting - 2305077

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Laugarvatns sem tekur til lóðar Háholts 7 og 8. Í breytingunni felst að lóð Háholts 7 stækkar og lóð Háholts 8 er breytt í parhúsalóð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkja framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt innan Háholts.

-liður 8, Litla-Fljót 1 L167148; Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2305081

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi að Litla-Fljóti í Bláskógabyggð. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á landnotkunarflokki svæðisins yfir í verslun og þjónustu. Breyting verður gerð á greinagerð aðalskipulags og á uppdrætti. Á svæðinu hefur landeigandi uppi áform um að byggja allt að 20 litil gistihús til útleigu í nokkrum áföngum. Aðkoma er um veginn Litla-Fljót. Fyrirhuguð gistihús verða á einni hæð. Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóðir og byggingarreiti ásamt því að skilgreina fyrirkomulag aðkomu og setja þau ákvæði sem ástæða er til í deiliskipulagi

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 9, Myrkholt L167133; Breyttar afmarkanir Myrkhólts og Myrkhólts 1 og 2 og ný lóð Myrkholt 3; Lóðamál - 2305087

Lögð er fram umsókn um afmörkun lands Myrkhólts. Í umsókninni felst að staðfest er afmörkun og stærð upprunallands Myrkhólts L167133 er breytt. Myrkholt 1 breytir um afmörkun og stærð. Myrkholt 2 fær afmörkun staðfesta. Myrkholt 3 er ný lóð stofnuð úr upprunalandinu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmarkanir og stærðir skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn gerir jafnframt ekki athugasemd við stofnun lóðar Myrkhólts 3 og samþykkir erindið.

-liður 10, Syðri-Reykir 2 L167163; Veglagning; Framkvæmdarleyfi - 2306004

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Syðri-Reykjum resort vegna veglagningar í landi Syðri-Reykja 2. Framkvæmdin byggir á gildandi deiliskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins með fyrirvara um að gert verði grein fyrir því innan gagna málsins hvernig efnistöku vegna framkvæmda verður hagað.

SSS
Gsm

Skipulagsfulltrúa er falið að gefa framkvæmdarleyfið út.

-liður 11, Geysir L167191, Laug L167137 og Konungshver L222136; Uppbygging innviða; 1. áfangi; Framkvæmdarleyfi - 2306024

Lögð er fram umsókn frá Umhverfisstofnun er varðar framkvæmdaleyfi innan hverasvæðisins við Geysi L167191 og land innan girðingar umhverfis L222136, lóðirnar liggja í landi jarðarinnar Laug L167137. Fyrir liggur samþykkt deiliskipulag með breytingum.

Framkvæmdaraðili er Umhverfisstofnun fyrir hönd ríkisins. Umhverfisstofnun hefur falið Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum FSRE umsjón með framkvæmdum. Um er að ræða fyrsta áfanga framkvæmdar á "innviðum innan girðingar" við Geysi í Haukadal og tekur til nýrrar aðkomu frá vestri til að dreifa og bæta upplifun gesta. Nýja leiðin er að hluta til á upphækkuðum pöllum og eru pallarnir með handlistum þar sem fallhæð fer yfir 70 cm. Einnig er gerð létt brú yfir kerruslóða í samráði við Minjavörð Suðurlands. Áætlaðir eru endurbættir göngustígar upp að hverunum Blesa og Konungshver og þaðan tenging að göngustígum í hlíðum Laugarfells.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulaga nr. 123/2010 og heimilda gildandi deiliskipulags svæðisins.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

2. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

263. fundur haldinn 28.06.2023. Afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 3 til 10.

-liður 3, Skálabrekka-Eystri L224848; Grjótnes- og Hellunesgata, landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2210051

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku-Eystri eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert er ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði. Stærðir lóða eru frá 30.488 fm til 45.733 fm. Innan lóða er gert ráð fyrir heimild til að reisa eitt íbúðarhús ásamt aukahúsi á lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03. Umsangir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan gagnanna og framlagðar samantektar athugasemda og viðbragða. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 4, Úthlíð 1 L167180; Frístundabyggð svæði 5a; Deiliskipulag - 2302034

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til hluta frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1 L167180 eftir auglýsingu. Innan svæðisins sem deiliskipulagið tekur til eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknaveg, Djáknabrunir, Mosabrunir og Mosaskyggni. Á svæðinu er deiliskipulag í gildi og við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi sá hluti sem tekur við framlagðs deiliskipulags innan núgildandi deiliskipulags. Umsagnir bárust á auglýsingatíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og meðfylgjandi samantektar. Að mati sveitarstjórnar er ekki talin ástæða til að fara fram á heildarskráningu minja innan skipulagssvæðisins að svo komnu máli þar sem svæðið er að miklu leyti byggt og þegar raskað á grundvelli fyrri heimilda gildandi deiliskipulags. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 5, Útey 1 L167647; Skipulagslýsing; Aðalskipulagsbreyting - 2306076

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar í landi Úteyjar. Frístundasvæði F32 og F37 verða stækkuð og afmörkun þeirra breytist. Þá verða sett inn tvö verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu. Samhliða

S/S AS AP
Gsm
2286

verða felld út tvö efnistökusvæði. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir uppbyggingu m.a. lóðaskipan, byggingarskilmálum og öðrum ákvæðum í samræmi við breytt aðalskipulag. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 6, Seljaland 7 (L167945); byggingarheimild; sumarbústaður og gestahús - 2306028
Fyrir liggur umsókn Gunnlaugs Hilmarssonar, móttækin 06.06.2023, um byggingarheimild fyrir 86 m² sumarbústað og 20,2 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Seljaland 7 L167945 í Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

-liður 7, Reykholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2306088
Lögð er fram sameiginleg skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og deiliskipulags innan þéttbýlisins í Reykholti. Á Skólavegi 1 í Reykholti er starfrækt 40 herbergja hótél og er stefnan að stækka það í 120 herbergi á þremur hæðum. Gatan Tungurimi hefur verið hönnuð og var færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breyttri legu hennar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtubrekku 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustusvæði og settir skilmálar fyrir lóðina í breyttu deiliskipulagi.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 8, Reykholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulagsbreyting - 2306089
Lögð er fram sameiginleg skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og deiliskipulags innan þéttbýlisins í Reykholti. Á Skólavegi 1 í Reykholti er starfrækt 40 herbergja hótél og er stefnan að stækka það í 120 herbergi á þremur hæðum. Gatan Tungurimi hefur verið hönnuð og var færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breyttri legu hennar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtubrekku 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustusvæði og settir skilmálar fyrir lóðina í breyttu deiliskipulagi.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 9, Útey 1 L167647; Frístundasvæði; Deiliskipulagsbreyting - 2306057
Lögð er fram umsókn frá Hólá ehf er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úteyjar 1. Í breytingunni felst heimild fyrir auknu umfangi svæðisins í takt við skilgreindan frístundafláka aðalskipulags F32. Með breytingunni bætast við 13 sumarbúsalóðir í tveimur götum ásamt grænu svæði.
Sveitarstjórn mælist til þess að unnið verði nýtt deiliskipulag sem tekur til svæðisins í heild sinni. Fyrir eru tvær deiliskipulagsáætlanir í gildi á svæðinu annars vegar frá 1996 og hins vegar frá 1989 m.s.br. Að mati sveitarstjórnar hefur framlögð breyting með hagsmuni beggja svæðanna að gera sem eru þegar byggð. Sveitarstjórn hafnar framlagðri breytingu í núverandi mynd.

-liður 10, Reykholt; Borgarrimi 2 og 4; Deiliskipulagsbreyting - 2306096
Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Borgarrima 2 og 4 í Reykholti. Í breytingunni felst að lóðirnar verði sameinaðar í eina lóð þar sem byggingarreitur þeirra er samliggjandi.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að fresta afgreiðslu málsins.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

3. Fundargerð umhverfisnefndar - 2301010

2. fundur umhverfisnefndar haldinn 13.06.2023

Fundargerðin var staðfest.

SS LS
Gsm

ATS

AAH

4. Fundargerð framkvæmda- og veitunefndar - 2301008

39. fundur haldinn 30.06.2023. Afgreið þarf sérstaklega lið nr. 5.

-liður 5, 2208024 2. áfangi Borgarrimi (Borgarrimi 10-17). Umtalsvert dýpi er á fastan botn í hluta vegstæðis, sem mun leiða til meiri jarðvinnu en gert var ráð fyrir í samningi um verkið. Sveitarstjórn samþykkir þá útfærslu sem framkvæmda- og veitunefnd leggur til. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að lóðir nr. 10 og 12 verði teknar úr auglýsingu yfir lausar lóðir að svo stöddu.

5. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa - 2301014

187. fundur haldinn 21.06.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu - 2301024

9. fundur haldinn 22.06.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnassýslu - 2301031

11. fundur haldinn 12.05.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð oddvitanefndar uppsveita Árnassýslu - 2301033

4. fundur haldinn 12.06.2023

-liður 1. atvinnumálastefna, skipan fulltrúa í vinnuhóp um gerð móttökuáætlunar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð seyrustjórnar - 2301015

10. fundur haldinn 12.06.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð stjórnar SASS - 2301012

596. fundur haldinn 02.06.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2301018

228. fundur haldinn 12.06.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

12. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301026

929. fundur haldinn 09.06.2023

930. fundur haldinn 15.06.2023

931. fundur haldinn 22.06.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink: SK, JS, GSM, -AB, and others.

13. Samráðshópur um málefni aldraðra - 2301056

Samráðshópur um málefni aldraðra kemur til fundar við sveitarstjórn.

Inn á fundinn komu fulltrúar úr samráðshópi um málefni aldraðra, þau Halldór Steinar Benjamínsson, formaður, Elín Siggeirsdóttir, varaformaður, Sigríður Jóna Sigurfinnsdóttir, Geirþrúður Sighvatsdóttir.

14. Gjaldskrá Bláskógaveitu 2023 - 2210046

Gjaldskrá Bláskógaveitu, síðari umræða.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á gjaldskrá varðandi sund- og baðstaði og garðyrkju, sem ekki er í rekstri.

15. Samgöngunefnd SASS 2023 - 2306016

Samgöngunefnd SASS, áður á dagskrá á 337. fundi.

Lögð var fram tillaga að svörum við spurningum samgöngunefndar SASS, sem innlegg í vinnu nefndarinnar á haustþingi samtakanna.

Sveitarstjóra er falið að svara erindinu.

16. Styrkbeiðni vegna heimildamyndargerðar - 2306028

Beiðni Hönnu Styrmsdóttur, f.h. Oktober Productions ehf, dags. 25.06.2023, um styrktarframlag vegna gerðar heimildarmyndar um rannsóknir á upprunalegum hljómi helgitónlistar sem samin var í Skálholti á 11. öld og er varðveitt í íslenskum handritum.

Beiðnin var lögð fram. Um er að ræða gerð fransk-íslenskrar heimildarmyndar, The Chant of Origins, og fara tölur á Íslandi fram 27. júní til 3. júlí, að mestu í Bláskógabyggð, þar á meðal í og við Skálholtskirkju. Þar verður t.a.m. tekinn upp flutningur Sverris Guðjónssonar og Voces Thule í kirkjunni á þremur söngvum úr Þorlákstíðum.

Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

17. Styrkbeiðni vegna Norðurlandamóts skólasveita í skák - 2306029

Beiðni Gunnars Björnssonar, f.h. Skáksambands Íslands, dags. 24.06.2023, um stuðning við að halda Norðurlandamótið í skólaskák á Laugarvatni.

Beiðnin var lögð fram. Óskað er eftir styrk vegna aðstöðu fyrir mótið, sem til stendur að halda í íþróttahúsinu á Laugarvatni, og vegna lokahófs.

Sveitarstjórn samþykkir að afnot af íþróttahúsinu verði án endurgjalds, jafnframt er samþykkt að veita 100.000 kr styrk til að halda lokahóf skákmótsins. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

18. Beiðni um samstarf um Umhyggjudaginn - 2306031

Beiðni Þórdísar Helgu Thors, f.h. Umhyggju, félags langveikra barna, dags. 22.06.2023, um að bjóða frítt í sund á Umhyggjudeginum.

Beiðnin var lögð fram. Verið er að undirbúa svokallaðan Umhyggjudag sem haldinn yrði hátíðlegur á landsvísu, meðal annars er leitað til sveitarfélaga með að hafa frítt í sund á milli kl. 14 og 16 á Umhyggjudeginum sem yrði 26. eða 27. ágúst. n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.

19. Endurheimt vistkerfa og kolefnisbinding í þjóðlendum - 2302015

Erindi Jóns Ólafssonar, f.h. Íslandsteymis PHOENIX verkefnisins, sem er fjölþjóðlegt rannsóknaverkefni um aðferðir til að auka þátttöku almennings og hlutdeild í stefnumótun á sviði umhverfis- og loftslagstengdra málefna, þar sem óskað er eftir samstarfi við Bláskógabyggð um Landsleikinn.

Erindið var lagt fram. Landsleikurinn, sem erindið tekur til, er samráðsvettvangur á netinu þar

SS AS GSM 2289

sem innskráðum gefst kostur á að setja fram og ræða við aðra þátttakendur valkosti um landnýtingu á hálendinu og setja fram hugmyndir sínar og sýn á uppgræðslu og vistkerfisendurheimt.

Byggt er á vefsvæði sem Íbúar ses hafa hannað sérstaklega í þessum tilgangi. Þátttakendur fá aðgang að korti sem útlínur sveitarfélagsins eru merktar á. Þeir geta með einföldum myndrænum hætti tjáð þá forgangsröðun um landnýtingu sem þeir telja besta og fylgt slíku vali úr hlaði með útskýringum sem settar eru inn í textabox. Áður en þátttakendur komast inn á kortið þurfa þeir að svara bakgrunnsspurningum um sjálfa sig og eftir að þeir hafa lýst hugmyndum eða forgangsröðun á kortinu, þurfa þeir að svara almennum spurningum um viðhorf til umhverfis- og loftslagsmála sem tengjast sýn og gildismati í þeim efnum. Aðgangsheimildir yrðu í samræmi við óskir sveitarfélagsins. Hægt er að hafa vefinn opinn öllum sem vilja taka þátt (þar sem þátttakendur gefa upplýsingar m.a. um búsetu sína er eftir sem áður hægt að greina á milli svara þeirra sem búsettir eru í sveitarfélaginu og annarra). Einnig er hægt að takmarka aðgangsheimildir við búsetu og gera þá ráð fyrir að þátttakendur skrái sig inn með rafrænum skilríkjum. Fleiri leiðir til innskráningar mætti líka skoða. Verði af samstarfi yrði opnað fyrir þátttöku með formlegum hætti um 20. ágúst, að undangenginni kynningu fyrir heimamönnum. Frá sjónarmiði verkefnisins er líka mjög mikilvægt að fá ungt fólk til þátttöku til dæmis með samstarfi við skóla. Landsleikurinn myndi standa yfir út september.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.

20. Samningur um refaveiðar 2023-2025 - 2306033

Samningur um refaveiðar vegna endurgreiðslna ríkissjóðs vegna refaveiða sveitarfélaga, sbr. 10. og 11. gr. reglugerðar um refa- og minkaveiðar nr. 437/1995, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, fyrir árin 2023-2025. Áætlun Umhverfisstofnunar um refaveiðar fyrir árin 2023-2025.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn.

21. Skólaakstur útboð Laugarásleið - 2306027

Fundargerð frá opnun tilboða 04.07.2023

Engin tilboð bárust í skólaaksturinn.

Sveitarstjóra, í samráði við skólustjóra, er falið að kanna möguleika á samningskaupum þar sem engin tilboð bárust.

22. Úrræði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á Laugarvatni - 2301038

Sveitarstjóri fer yfir stöðu mála.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála. Enn dvelja tæplega 60 einstaklingar í úrræðinu á Laugarvatni.

23. Skaðabótakrafa vegna uppsagnar starfsmanns - 1809055

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála hvað varðar sáttaumleitan.

24. Kjarasamningur BSRB 2023 - 2306039

Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og BSRB 01.04.2023 til 31.03.2024. Kynning Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Farið var yfir helstu breytingar sem felast í nýjum kjarasamningi við BSRB. Meðal annars var samið um sérstakar greiðslur lægstu launa frá 1. apríl 2023, og viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum frá 1. október 2023. Viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum munu hafa áhrif á samþykkt sveitarstjórnar frá 20. júní 2019 um heimild leikskólustjóra til að greiða ófaglærðum starfsmönnum viðbótargreiðslu sem nemur allt að 1 klst á yfirvinnutaxta á viku, að hámarki 4 klst á mánuði. Segja þarf viðbótargreiðslunum upp hvað varðar þau starfsheiti sem munu njóta viðbótarlauna skv. kjarasamningnum, áður en til greiðslu viðbótarlauna kemur.

Handwritten signatures and initials: *AFS*, *MS*, *AAH*, *GSM*, and the number **2290**.

25. Gamla Álfaborg, Reykholti - 2306020

Skipulagslýsing vegna breytingar á skipulagsskilmálum vegna skipulags lóðar fyrir gamla leikskólann Álfaborg.

Skipulagslýsingin var lögð fram til kynningar.

26. Hverabraut 16-18, Laugarvatni - 2306019

Umræður um framtíð hússins, staða mála.

Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi.

27. Reglur um stuðning við nema í leikskólakennarafræðum - 2306041

Tillaga að reglum um stuðning við nema í leikskólakennarafræðum

Lögð var fram tillaga að reglum um stuðning við starfsfólk í leikskólum í Bláskógabyggð sem leggur stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum eða íslenskubró yfir í kennslu- og uppeldisstörf. Markmið með reglum þessum er að fjölga leikskólakennurum og efla starfsþróun leikskólakennara í leikskólum Bláskógabyggðar. Stuðningur felst í launuðum staðlotum og vettvangsnámi, launuðu leyfi á meðan á prófi stendur og aðgangi að vinnuherbergi á leikskólanum. Reglurnar eru ítarlegri en þær sem áður voru samþykktar af sveitarstjórn með bókun, dags. 20. júní 2019.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa reglunum til skólanefndar.

28. Útvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs 2023 - 2303018

Yfirlit yfir útvarstekjur og framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir janúar til júní 2023.

Yfirlitið var lagt fram. Útvarstekjur eru nokkuð yfir áætlun ársins fyrstu sex mánuði ársins.

29. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2023 - 2306037

Viðauki við fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar 2023

Lagður var fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2023. Sveitarstjórn samþykkir viðaukann, nettó breyting af viðaukanum er jákvæð, hækkun á handbæru fé um 11.427.293 kr.

30. Samningur um atvinnu- og byggðaðróun 2023-2027 - 2306042

Samningur SASS við Bláskógabyggð f.h. Uppsveita um atvinnu- og byggðaðróun.

Drög að samningi Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um samstarf um atvinnu- og byggðaðróun.

Lagður var fram samningur SASS við Bláskógabyggð f.h. sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu, þ.e. Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um atvinnu- og byggðaðróun innan sveitarfélaganna.

Samningurinn byggir á samningi við Bygðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun frá 25. janúar 2023, lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir og gildandi Sóknaráætlun Suðurlands á hverjum tíma. Samningurinn tekur auk atvinnu- og byggðaðróunar til atvinnuráðgjafar, nýsköpunar, menningar, upplýsingaöflunar- og þekkingarmiðlunar. Árlegt framlag SASS vegna samningsins nemur kr. 7.500.000 í gegnum samning SASS við Bygðastofnun, en sveitarfélögin fjármagna hann að öðru leyti.

Jafnframt var lagður fram samningur sveitarfélaganna fjögurra um samstarf um atvinnu- og byggðaðróun, þar sem kveðið er á um að framlag sveitarfélaganna vegna samningsins við SASS skiptist í jöfnum hlutföllum og að ráðinn verði byggðaðróunarfulltrúi í allt að 100% stöðugildi til að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningnum við SASS, auk verkefna sem snúa að ferða- og kynningarmálum, málum er varða fjölmenningu og eftirfylgni með nýrri atvinnuáætlun sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samningana og felur sveitarstjóra að undirrita þá.

31. Málefni heilsugæslunnar í Laugarási - 2305040

Mönnun og bakvaktir á heilsugæslunni í Laugarási

Á fundi fulltrúa úr sveitarstjórn Bláskógabyggðar og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands þann 19. júní sl. kom fram að búið væri að segja upp bakvöktum lækna sem starfa í Laugarási frá og með 1. september nk. Frá og með 1. september verður því enginn læknir á vakt í Laugarási eftir að dagvinnu lýkur. Læknar á bakvakt í Laugarási hafa sinnt bráðatilfellum og hefur munað um það í tilfellum þar sem hver mínúta skiptir máli. Ljóst er að viðbragð frá Selfossi getur verið mun lengur á leiðinni heldur en ef því er sinnt frá Laugarási. Á Flúðum hafa félagar í Björgunarfélaginu Eyvindi haft til taks hóp vettvangsliða sem hafa veitt aðstoð þegar um neyðartilvik er að ræða, slík þjónusta er þakkarverð og hefur hún oft sannað gildi sitt. Sveitarstjórn þykir alvarlegt að bakvöktum lækna í Laugarási skuli hafa verið sagt upp. Slík þjónustuskerðing er ógn við öryggi íbúa og gesta svæðisins. Þá óttast sveitarstjórn að erfitt geti reynst að halda góðum og hæfum læknum í Laugarási þegar bakvaktir eru ekki í boði. Mikilvægt er að gott viðbragð sé til staðar í Uppsveitum þegar um alvarleg veikindi er að ræða eða þegar slys eiga sér stað. Þá er mikilvægt að hafa lækna á vakt sem geta brugðist hratt og vel við, öfluga undanfara hjá Björgunarfélaginu Eyvindi og sérhæft sjúkraflutningafólk frá HSU á Selfossi. Íbúum á svæðinu hefur fjölgað umtalsvert á síðustu misserum, auk þess sem gestum í sumarhúsum og ferðamönnum fjölgar stöðugt og þörf fyrir þjónustu vex að sama skapi. Þessar breytingar hafa ekki verið kynntar fyrir íbúum, sem er óheppilegt þegar um mikilvæga þjónustu er að ræða sem snertir öryggi íbúanna. Sveitarstjórn skorar á stjórnendur HSU að endurskoða afstöðu sína til bakvakta í Laugarási og skerða ekki heilbrigisþjónustu fyrir íbúa og gesti í Uppsveitum.

32. Lóð við Einbúa - 2304005

Beiðni um úthlutun lóðar við Einbúa, áður veitt vilyrði á 332. fundi sveitarstjórnar

Í erindi Ganghjólshöf, dags. 3. júlí 2023 er óskað eftir úthlutun á 2ja hektara lóð úr tæplega 4ra hektara lóð við Einbúa við Laugarvatn fyrir gististarfsemi. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með umsækjendum.

33. Styrkbeiðni vegna ferðar á FEIF Youth Camp - 2307002

Beiðni Hildar Maríu Jóhannesdóttur um styrk til að fara fyrir Íslands hönd á FEIF Youth Camp í Finnlandi í júlí 2023.

Beiðnin var lögð fram. Hildur María hefur verið valin af Landssambandi hestamanna til fararinnar. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja hana um kr. 30.000.

34. Lóðarumsókn Brekkuholt 9, Reykholti - 2307001

Umsókn Selásbygginga ehf um lóðina Brekkuholt 9, ásamt beiðni um að skipulagi lóðarinnar verði breytt á ný þannig að hún verði parhúsaloð.

Lóðin hefur verið auglýst laus til umsóknar og ein umsókn borist. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Selásbyggingum ehf lóðinni. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að unnin verði tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar.

35. Aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037 - 2306030

Beiðni Borgarbyggðar, dags. 23.06.2023, um umsögn um endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037, nr. 0242/2023: Lýsing (Nýtt aðalskipulag).

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við lýsingu nýs aðalskipulags Borgarbyggðar.

36. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2023 - 2306035

Beiðni Mosfellsbæjar, dags. 12.06.2023, þar sem óskað er eftir umsögn um aðalskipulag Mosfellsbæjar 2022-2040, nr. 0214/2023: Kynning tillögu á vinnslustigi (Nýtt aðalskipulag)

37. Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 - 2306038

Drög að samgönguáætlun 2024-2038. Drögin eru til umsagnar í samráðsgátt og er umsagnarfrestur til 31.07.2023.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur undir markmið og áherslur sem lagðar eru fram í samgönguáætlun en þar kemur fram að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að þeir fjármunir sem lagðir eru í samgönguframkvæmdir séu vel nýttir og hugað verði að umferðarálagi við forgangsröðun verkefna. Taka þarf inni þá forgangsröðun umferðarálag, íbúafjölda, fjölda frístundahúsa á svæðum og aðsókn að vinsælum ferðamannasvæðum. Í þessum sambandi leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar áherslu á að viðhaldi stofnvega á Gullna hringnum verði vel sinnt en á Gullna hringnum eru ma. fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins Þingvellir, Geysir og Gullfoss. Í þessari samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Biskupstungnabraut verði færð suður fyrir Geysi og að ný brú verði byggð yfir Tungufljót á tímabilinu 2029 til 2033. Í ljósi þess álags sem nú er og þeirrar fjölgunar ferðamanna sem áætluð er í náginni framtíð og að um fjölförnustu einbreiðu brú landsins er að ræða leggur sveitarstjórn Bláskógabyggðar áherslu á að þessi framkvæmd verði færð frammar í forgangsröðun samgönguframkvæmda. Ánægjulegt er að sjá að uppbygging Kjalvegur er kominn á áætlun, þótt sveitarstjórn vilji sjá það verkefni komast fyrir í framkvæmd. Þá fagnar sveitarstjórn Bláskógabyggðar að sérstök áhersla sé lögð á að leggja bundið slitlag á tengivegi, í því samhengi leggur sveitarstjórn mikla áherslu á að Einholtsvegur (358) verði lagður bundnu slitlagi sem allra fyrst. Mikilvægt er að hugað verði að umferðaröryggi á vegum á Suðurlandi, sem eru fjölförnustu vegir í þjóðvegakerfinu með mikið umferðarálag allan ársins hring og tilheyrandi slit á vegum. Umferðaröryggi á fjölförnustu svæðunum á Suðurlandi verður ekki leyst með jarðgöngum og því ljóst að leggja verður áherslu á aðra þætti, svo sem reglulegt viðhald og uppbyggingu vegakerfisins, fækkun einbreiðra brúa og öruggar leiðir fyrir alla umferð, þá sem ferðast akandi og aðra.

38. Fjarskiptamastur Mílu - 2202013

Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 29/2023

Úrskurðurinn var lagður fram. Þar er byggingarleyfi fyrir fjarskiptamastri á lóð nr. L176855 í Laugarási fellt úr gildi.

39. Samgöngur og vegir í Bláskógabyggð - 2001054

Svar Vegagerðarinnar, dags. 16.06.2023, vegna ályktunar sveitarstjórnar frá 14.06.2023 um ástand Einholtsvegur.

Lagt var fram svar Vegagerðarinnar við ályktun sveitarstjórnar frá 14.06.2023 þar sem fram kemur að samkvæmt gildandi tengivegaáætlun er gert ráð fyrir fjármagni í bundið slitlag á Einholtsveg frá Drumboddsstaðavegi að Skeiða- og Hrunamannavegi frá og með árunum 2026 og 2027.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að allur Einholtsvegurinn verði byggður upp og klæddur.

40. Aðalfundur Gufu ehf 2023 - 2305031

Fundargerð aðalfundar ásamt ársreikningi.

Gögnin voru lögð fram til kynningar.

41. Námurekstur í landi Skálabrekku - 2211019

Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 03.07.2023, um matsskyldu vegna efnistöku í landi Skálabrekku.

SS AS

AAK
Gsm

Fundi slitið kl. 11:10.

Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson

Áslaug Alda Þ.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn I. Sveinbjörnsson

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðni Sighvatsson

Guðni Sighvatsson

Anna Greta Ólafsdóttir

Anna Greta Ólafsdóttir

Jón Forni Snæbjörnsson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Ásta Stefánsdóttir